

Mál nr. 266/2016**M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vegna veghefilsins A
og ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á hringtorgi við Norðlingavað 27. júlí 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 26.8.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 5.9.2016, ásamt tjónstilkynningu og myndum af bifreiðinni B.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu Aðstoðar&Öryggis, sem kallað var á vettvang eftir árekstur, kemur fram að árekstur hafi orðið með vegheflinum A og bifreiðinni B í hringtorgi. Í tilkynningunni kemur fram að ökumenn greini á um málsatvik. Ökumaður A kveðst hafa verið við akstur í hringtorginu þegar B hafi verið ekið aftan á A. Ökumaður B kveðst hins vegar hafa verið við akstur í hringtorginu þegar A hafi verið ekið inn í það í veg fyrir B. Í tjónstilkynningunni er einnig vísað til vitnisburðar vitnis sem kveðst hafa látið ökumann A vita af því að hann hafi séð áreksturinn og virðist sem starfsmaður Aðstoðar&Öryggis hafi tekið framburð hans símleidis í kjölfarið. Vitnið telur að B hafi verið ekið á miklum hraða inn á hringtorgið og lent á vegheflinum A þegar hann hafi verið kominn inn í hringtorgið.

M telur að alla sök eigi að leggja á B þar sem A, sem hann ók, hafi verið kominn allur inn á einu akrein hringtorgsins þegar árekstur varð. A hafi verið mjög sýnilegur og þar sem ákoma hafi verið aftan á A verði ekki hægt að sjá að A hafi verið ekið í veg fyrir B. Einnig vitnar M til vitnisburðar.

V telur að m.t.t. þess hvar B var ekið inn á hringtorgið, verði ekki annað séð en að B hafi verið ekið nokkra leið á hringtorginu áður en árekstur varð og verði því að leggja til grundvallar að A hafi verið ekið inn í hringtorgið, gegn biðskyldu, í veg fyrir B. Þannig hafi ökumaður A ekki gætt fyrir mæla 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem kemur fram að að sá sem aki gegn biðskyldu eigi að veita umferð um veginn sem hann ætlar inn á forgang. Einnig telur V að vitnið sem vísað sé til í tjónstilkynningu sé ekki óvilhælt þar sem um kunningja M sé að ræða.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að bæði vegheflinum A og bifreiðinni B var ekið inn á hringtorg skömmu áður en árekstur varð. Með hliðsjón af framburðum ökumanna, um hvar þeir óku inn í hringtorgið, verður að draga þá ályktun að bifreiðin B hafi gætt að biðskyldu, skv. 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga, fyrr en veghefillinn A og því verið inni í hringtorginu þegar A var ekið inn á það. M, sem ökumaður A, ber því sök á árekstrinum og þannig sönnunarbyrði um að áreksturinn verði að einhverju leyti rakinn til gáleysis ökumanns bifreiðarinnar B. Við mat á því hvort ökumaður B hafi ekið of hratt m.v. aðstæður verður, vegna tengsla þeirra, ekki byggt þannig á vitnisburð félaga M um slíkan hraða, að það hrindi skýrslu ökumanns B um eigin ökuhraða. Er því ekki fyllilega sannað að ökumaður B hafi ekið of hratt eða gáleysislega í greint sinn.

Niðurstaða.

Bætur vegna tjóns á bifreiðinni B greiðast úr ábyrgðartryggingu A. Eigandi veghefils á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B hjá V.

Reykjavík, 27. september 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.